

## T I L L A G A

### **að starfsreglum um breytingar á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021-2022, með síðari breytingum.**

Flm. Rúnar Vilhjálmsson, Arna Grétarsdóttir, Árni Helgason,  
Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg W. Árnadóttir.

#### 1. gr.

Við ákvæði 4. gr. starfsreglna um kirkjuþing bætist ný mgr. svohljóðandi:

Fulltrúar í stjórn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og skírðir meðlimir Þjóðkirkjunnar. Þeir mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti eða um greiðslu opinberra gjalda. Þá skulu þeir vera óháðir hvað varðar tengsl við aðra starfsemi í samkeppni við eða í verulegum viðskiptum við Þjóðkirkjuna. Þeir hafi þekkingu og reynslu sem hæfir þeirri ábyrgð sem stjórnarsetunni fylgir auk þess að hafa tök á að verja nægilegum tíma til stjórnarstarfa. Þeim er skylt að upplýsa stjórn ef telja má að á ofangreint geti reynt. Stjórnin metur hvort hlutaðeigandi skuli víkja.

#### 2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021 öðlast gildi við birtingu.

#### Greinargerð.

Stjórn Þjóðkirkjunnar flytur tillögu þessa.

Lagt er til að teknar verði upp almennar hæfisreglur hvað varðar fulltrúa í stjórn Þjóðkirkjunnar og framkvæmdastjóra. Tillögurnar taka mið af almennum reglum um félög í atvinnulífinu, sbr. t.d. 6. gr. laga um einkahlutafélög nr. 2/1995, með síðari breytingum. Einnig er lagt til að settar verði reglur um það sem nefnt hefur verið óhæði. Í því felst að fulltrúi hafi ekki þá sérstöku hagsmuni sem tilgreindir eru í tillögunni, að ætla megi að áhrif geti haft á stjórnarstörf. Auk þess er ákvæði um þekkingu og reynslu og enn fremur að viðkomandi hafi nægan tíma til stjórnarstarfa.

Samþykkt tillögu þessarar felur ekki í sér kostnað fyrir Þjóðkirkjuna.